

Til hluthafa í Eignarhaldsfélaginu Speli hf.

Akranesi 7. september 2018

Efni: Afhending Hvalfjarðarganga til ríkisins.

Sem kunnugt er líður nú að lokum rekstrartímabils Spalar ehf. samkvæmt samningi við ríkið frá árinu 1995. Á síðustu mánuðum hafa átt sér stað viðræður við fulltrúa ríkisins um með hvaða hætti heppilegast væri að afhenda Hvalfjarðargöngin til ríkisins svo sem mælt er fyrir um í samningnum. Af hálfu Spalar hafði ríkinu verið send erindi dags. 3. mars 2016 og bréfi dags. 17. desember 2017 þar sem óskað var eftir viðræðum um hvernig standa skyldi að afhendingu ganganna þar sem liði að lokum samnings ríkisins og Spalar frá árinu 1995. Með bréfi samgönguráðuneytis dags. 7. maí 2018 var Speli tilkynnt um að engir hagsmunir væru fyrir ríkið að yfirtaka þau félög sem eiga og reka Hvalfjarðargöng, en sá möguleiki hafði fyrst verið ræddur við fjármálaráðuneytið árið 2009 í tengslum við útfærslur skila vegganga Spalar. Útfærslan hefur meðal annars áhrif á reikningshaldslegar afskriftir ganganna.

Þessi afstaða ríkisins gerði það að verkum að skilgreina þurfti það sem afhenda ætti ríkinu með göngunum. Þess vegna sendi Spölur samgönguráðuneytinu lista yfir þá lausafjármuni og samninga sem ríkið hygðist yfirtaka. Svar ráðuneytisins tilgreindi ákveðið lausafé og samninga, en þar kom einnig fram að ekki væri óskað eftir áframhaldandi ráðningu starfsfólks.

Gengið hefur verið frá samningum um starfslok starfsfólks, en nokkrir starfsmenn munu eftir skil ganganna vinna að endurgreiðslu inneigna á viðskiptamannareikningum, uppgjöri o.fl. Þá skal nefnt að stjórn Spalar óskaði eftir því við samgönguráðuneytið að Ríkisendurskoðun hefði aðkomu að uppgjöri verkefnisins.

Í tengslum við afhendingu ganganna til ríkisins hefur Mannvit hf. unnið úttekt á ástandi ganganna en um að ræða sameiginlegt verkefni Vegagerðar og Spalar ehf. Nokkur atriði hefur þurft að lagfæra og stefnt er að því að nauðsynlegum úrbótum verði lokið um miðjan september að undanskildu því að Vegagerðin vill að tvö hliðargjaldskyli verði rifin. Reiknað er með að það verði gert eftir að skil ganganna eiga sér stað.

Á daginn kom svo í lok ágúst mánaðar að Samgöngustofa á að hafa eftirlit með vegamannvirkjum, en láðst hafði að breyta reglugerð um öryggi í jarðgöngum með tilliti til þessa. Samgöngustofa vinnur nú að verkefninu sem lýkur væntanlega um miðjan september.

Sú afstaða ríkisins, sem tilkynnt var í maí s.l., að yfirtaka göngin sjálf ásamt tilgreindu lausafé og samningum þýddi að Spölur leitaði álits Ríkisskattstjóra um hvernig fara skyldi með skattalega afskrift ganganna og hugsanlega skattlagningu Spalarfélaganna á árinu 2018. Var það nauðsynlegt enda getur slík skattlagning hlaupið á háum fjárhæðum sem haft getur áhrif á hvenær hægt er að hætta innheimtu veggjalda.

Nú tæpum þremur mánuðum eftir að erindið var sent er svars enn beðið og þess vegna ekki endanlega ljóst hvenær innheimtu veggjalds lýkur. **Að því gefnu að Ríkisskattstjóri fallist á sjónarmið Spalar ehf. um meðferð skattlegra afskrifta og skattleysi félaganna og að**

niðurstaða úttektar Samgöngustofu verði án fyrirvara, verður mögulegt að hætta gjaldtöku 28. september og afhenda ríkinu Hvalfjarðargöng sunnudaginn 30. september n.k.

Ljóst er hins vegar að sérstakán feril og ákvarðanir þarf til að slíta núverandi félögum, eignarhaldsfélaginu og einkahlutafélaginu, til þess að uppfylla ákvæði um útgreiðslu hlutafjár, en félögunum tveimur verður samt væntanlega slitið. Einnig verða uppi álitamál um heimild til greiðslu arðs til hlutahafa í ljósi þess að afskrift ganganna mun skila verulegu rekstrartapi á árinu 2018.

Til þess að taka ákvörðun um meðferð hlutafélaganna verður boðað til hlutahafundar innan tíðar og ættu þá nákvæmari upplýsingar að liggja fyrir um framangreint.


Virðingarfyllst,

F.h. Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.




Gunnar Gunnarsson,
formaður stjórnar

F.h. Spalar ehf.



Gísli Gíslason
formaður stjórnar



Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri